

Seltjarnarnesbær
Gísli Hermannsson
Austurströnd 2
170 Seltjarnarnes

Reykjavík 18. júlí 2017
UST201707-173/B.S.
10.05.00

Efni: Sjóvarnargarður við Suðurströnd og Nesbala. Umsögn

Vísað er til bréfs Seltjarnarnesbæjar dags. 13. júlí sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort sú framkvæmd að koma fyrir stórgrýti við núverandi sjóvörn við Suðurströnd og Nesbala teljist varp í hafið sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004 um verndun hafs og stranda.


Hér er um að ræða sambærilegt efni og notað hefur verið í þær sjóvarnir sem fyrir eru. Grjótinu verður komið fyrir sem næst þeim stað þar sem ráðgert er að byggja viðbót við núverandi sjóvörn.


Umhverfisstofnun telur að hér sé ekki um að ræða varp efnis í hafið sbr. 9. gr. ofangreindra laga þar sem hér er ekki um að ræða efni sem nýtt verður til landfyllingar eða efni sem er fargað, heldur grjót sem notað verður í sjóvörn sem telst mannvirki sbr. lög nr. 28/1997 um sjóvarnir

Umrætt svæði er á náttúruminjaskrá og þarf því að leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdaleyfi fyrir gerð sjóvarnargarða verður gefið út sbr. 37. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun telur að umrædd framkvæmd muni ekki skerða verndargildi svæðis nr. 122 á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Kristín L. Árnadóttir
Forstjóri